

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1890
komudagur 8.3.2013

Reykjavík, 7. mars 2013

Efni: Umsögn um frv. til laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi – 605. mál.

SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu hefur borist til umsagnar umrætt frumvarp og hefur eftirfarandi athugasemdir/ábendingar fram að færa um frumvarpið:

1. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að söluaðilar eldsneytis hér á landi tryggi að 3,5% af heildarorkugildi eldsneytis sem seld eru til notkunar í samgöngum á landi á ári, sé endurnýjanlegt eldsneyti. Jafnframt segir að hlutfallið hvað þetta varðar skuli vera minnst 5% 1. janúar 2016.

SVÞ eru sammála því markmiði sem hér er sett fram og styðja eindregið að stefnt skuli að því að auka hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis eins mikið og raunhæft er. Hins vegar eru þau þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að stíga styttri skref í einu að þessu leyti svo að tryggt verði að öll fyrirtæki á þessum markaði eigi raunhæfa möguleika á að uppfylla skyldur sínar. Í því sambandi vilja samtökin benda á að ekki er víst að öll félögin hafi fundið/rannsakað þau íblöndunarefni sem hentugust eru. Samtökin leggja því til að þessi viðmið verði sem hér segir:

- a. 3,5% af heildarorkugildi verði endurnýjanlegt eldsneyti frá og með 1. janúar 2016;
 - b. Þann 1. janúar 2017 verði 5% hlutfallinu á þessu leyti náð.
2. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að settar skuli fram viðmiðanir til að framleiðsla lífeldsneytis teljist sjálfbær. Gert er ráð fyrir því að ráðherra verði falið að setja þessar viðmiðanir.

Samtökin eru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að í frumvarpinu komi fram skilgreining á því hvað teljist sjálfbært eldsneyti. Það geti með engu móti talist ásættanlegt að það sé lagt í hendur ráðherra að koma með þessa mikilvægu skilgreiningu í reglugerð sem gefin verði út eftir setningu laganna. Því er óhjákvæmilegt að setja fram þá kröfu að skilgreining þessi komi fram í texta sjálfra laganna.

3. Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um hugtakið lágmarksorkugildi án þess að það hugtak sé frekar skilgreint. Með sömu rökum og fyrr verður að gera þá kröfu að þetta hugtak verði skilgreint í lagatextanum. Ekki geti verið eðlilegt að sú skilgreining bíði þeirrar reglugerðar sem sett verður í framtíðinni á grundvelli laganna.
4. Að mati samtakanna verður að liggja skýrt fyrir hvaða stefnu ríkissjóður hyggst taka varðandi skattlagningu á eldsneyti. Þetta er mjög brýnt af þeirri ástæðu að verði frumvarp þetta að lögum er fyrirsjáanlegt að tekjur ríkissjóðs af vöru- og kolefnisgjaldi af eldsneyti, auk virðisaukaskatts, mun dragast umtalsvert saman. Í ljósi stöðunnar í ríkisfjármálum verður

Þessi þörf enn meira knýjandi. Þetta sjónarmið kemur mjög vel fram í umsögn fjárlagaskrifstofu, fjármála- og efnahagsráðuneytis sem er fylgiskjal með þessu frumvarpi en þar segir m.a. „Lögfesting frumvarpsins mun því að óbreyttu skerða afkomu ríkissjóðs og þyngja í sama mæli róðurinn eða settu markmiði um afgang í ríkisrekstrinum og að greiða niður skuldabagga ríkissjóðs.“ Af þessu má glögglega ráða að fjármálaráðuneytið hefur áhyggjur af því tekjutapi fyrir ríkissjóð sem verður óhjákvæmileg afleiðing af lögfestingu þessa frumvarps. Þess vegna verður að gera kröfu til þess að í greinargerð með frumvarpinu komi fram hver framtíðaráform stjórnvalda eru varðandi skattlagningu á eldsneyti.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP



Andrés Magnússon